

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Íslenska myndsyn.

1. gr.

Íslensk myndsyn er sjálfseignarstofnun, sem stofnuð er af ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg og ýmsum samtökum úr íslensku atvinnulífi. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Forseti Íslands er verndari stofnunarinnar. Á erlendu máli heitir hún Iceland Image Project.

2. gr.

Stofnendur eru: Ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg, Stéttarsamband bænda, Búnaðarfélag Íslands, Verslunarráð Íslands og Samtök iðnaðarins.

3. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að efla, varðveita og kynna ímynd Íslands, sem land óspilltrar, hreinnar og ómengaðrar náttúru í vitund umheimsins. Markmiðum sínum hyggst stofnunarinn ná m.a. með því að standa fyrir alþjóðlegri ljósmyndahátíð annað hvert ár á Íslandi, ljósmyndanámskeiðum og ljósmyndasýningum og annast útgáfu og sölu á hvers konar efni í tengslum við þessi verkefni.

4. gr.

Stofnframlag nemur kr. 5.000.000,00 – fimmilljónum króna – og eru það samhlöð framlög stofnenda, þar af er stofnfé kr. 500.000,00 sem eigi má skerða. Tekjur stofnunarinnar skulu vera framlög íslenskra og erlendra aðila, frá ljósmyndasýningum, ljósmyndanámskeiðum og sölu á vörum, sem til verða við rekstur hennar. Stofnfé og tekjum skal varið til þess að ná fram tilgangi stofnunarinnar.

5. gr.

Fulltrúaráð skal fara með æðstu stjórn stofnunarinnar. Hver stofnaðili skal tilnefna tvo aðila til setu í fulltrúaráðinu til tveggja ára í senn. Hlutverk fulltrúaráðsins er að sjá til þess, að rekstur stofnunarinnar sé í samræmi við skipulagsskrá hennar auk þess að taka ákvarðanir um hvernig tilgangi hennar verði sem best náð. Fulltrúaráðið skal á fyrsta fundi sínum kjósa sér formann. Fulltrúaráðið kys einnig 5 manna framkvæmdaráð, sem í eiga sæti a.m.k. þrír aðilar úr fulltrúaráðinu, og eru þeir einnig kosnir til tveggja ára. Hlutverk framkvæmdaráðsins er að koma með tillögur til fulltrúaráðsins um rekstur stofnunarinnar og að vinna úr þeim ákvörðunum, sem teknar eru af fulltrúaráðinu. Fulltrúaráðið skal koma saman a.m.k. tvisvar á ári. Skal það halda gerðarbók um ákvarðanir sínar.

6. gr.

Framkvæmdaráðið ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri stofnunarinnar. Reikningar hennar skulu uppfylla lagaskilyrði um reikningshald og vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Framkvæmdaráðið skal senda ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní hvert ár, reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

7. gr.

Seta í fulltrúaráði eða framkvæmdaráði skal vera launalaus. Fulltrúaráðinu er heimilt að ráða framkvæmdastjóra, sem skal annast allan daglegan rekstur stofnunarinnar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{4}{5}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna og þarf sú breyting að hljóta staðfestingu hjá dómsmálaráðherra.

9. gr.

Til þess að stofnunin verði lögð niður þarf samþykki $\frac{4}{5}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna og skulu eignir hennar þá renna til landkynningar og náttúruverndar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún geymd í dómsmálaráðuneytinu í staðfestu eintaki.

11. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Íslenskrar myndisýnar, sem haldinn var í Reykjavík, 14. janúar 1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. mars 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Keflavík nr. 97/1987.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Gatnagerðargjald skal áætla þegar lóðarúthlutun fer fram og skal einstaklingur greiða 30% af því innan mánaðar en fyrirtæki 15%, ella fellur úthlutun sjálfkrafa úr gildi. Eftirstöðvar falla í gjalddaga þegar byggingarnefndarteikningar eru samþykktar í bæjarstjórn Keflavíkur og eindagi er 10 almanaksdögum síðar. Heimilt er að lána eftirstöðvar gatnagerðargjaldsins í allt að fjögur ár og skal þá tekið veð í byggingarframkvæmdum. Ef staðgreitt er fyrir eindaga er veittur 5% afsláttur. Lántakandi greiðir allan kostnað vegna útgáfu lánsbréfa þ.m.t. afföll. Þegar byggt er á eignarlóð eða eldra hús stækkað skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingarleyfis.

2. gr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Endurprentað blað.